

Mánudaginn 17. febrúar 1919.

Nr. 71/1918:

Rjettvísín

gegn

Sigurði Sigurðssyni, Magnúsi Jóhannessyni og Þorsteini S. H. Gottskálkssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 1. nóv. f. á., voru hinir ákærðu, Sigurður Sigurðsson, kendur við Kviavelli, Magnús Jóhannesson frá Vík í Mýrdal og Þorsteinn Stefán Helgi Gottskálksson, er telur sig til heimilis í Vesturgötu 35 hjer í bænum dæmdir fyrir brot það, er ræðir um í 245. gr. fyrri málslíð sbr. 55. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta betrunarhúsvinnu, Sigurður í 15 mánuði en Magnús og Þorsteinn í 1 ár. Magnús skyldi greiða allan af varðhaldi hans leiðandi kostnað, en allan annan sakarkostnað skyldu hinir ákærðu greiða in solidum.

Þessum dómi er eftir kröfu hinna ákærðu og af hálfu rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með játningu hinna ákærðu, sem í öllu verulegu kemur heim við aðrar skýrslur málsins, að þeir hafi hjálpast að að fremja brot það, sem þeir eru kærðir fyrir, með þeim hætti, er hjer segir. Þriðjudaginn 15. okt. f. á. voru ákærðu á gangi vestan frá Doktorshúsi í Vesturgötu, og er þeir komu í Aðalstræti sáu þeir mann drukkinn fara inn í Thorvaldsensbasar; þekti ákærði, Sigurður, að þetta var

Bjarni nokkur Símonarson frá Sandgerði. Hinir ákærðu komu sjer nú saman um, án þess upplýst sje, hver þeirra kvað fyrstur upp úr með það, að hafa fje af Bjarna með því að selja honum vatn undir því yfirskyni að það væri áfengi. Kom Þorsteinn sjer á tal við Bjarna, og bauð að selja honum 2 flöskur af áfengi á 6 kr. hvora. Þektist Bjarni þetta, og talaðist þeim Þorsteini svo til, að þeir skyldu hittast þá um kvöldið kl. 7<sup>1</sup>/<sub>2</sub> við húsið nr. 70 við Laugaveg til að gera kaupin. Sneri Þorsteinn aftur til fjelaga sinna og varð það nú samkomulag þeirra, að þeir skyldu berja Bjarna um kvöldið og taka svo af honum buddu hans, er þeir sáu hann taka upp inni á Thorvaldsensbazar. Var Þorsteini ætlað að koma Bjarna á afvikinn stað, en þeim Sigurði og Magnúsi að berja hann. Í prófunum er það eigi upplýst, hver hinna ákærðu hefir verið frumkvöðull að þessari ráðagerð.

Á tilteknum tíma fóru þeir fjelagar inn á Laugaveg og Þorsteinn inn í húsið nr. 70; hitti hann þar Bjarna, sem var engu minna drukkin en áður um daginn, og fjekk hann út með sjer undir því yfirskyni að áfengið væri úti; gengu þeir Vatnsstig, Hverfisgötu og Klapparstig niður að sjó, og þeir Sigurður og Magnús spölkorn á eftir. Þegar þangað var komið, þóttist Þorsteinn fara að leita að áfengisflöskum undir bát, sem þar var, en þeir Sigurður og Magnús veittust að Bjarna; sló Magnús hann fyrst í höfudið, svo að gleraugun hrukku af honum, en hann fjell eigi; þá barði Sigurður hann hnefahögg í



höfuðið og hafði í hnefanum lykla sína; fjell Bjarni við það afturábak, og skautst Þorsteinn þá undan bátnum til hans, þar sem hann var að reyna að bröлта á fætur, hratt honum út af, smeygði hendinni ofan í buxnavasa hans og tók buddu hans. Að sögn Magnúsar gengu þeir allir þrír að Bjarna, þegar hann var að reyna að standa upp, og börðu hann í höfuðið, þó eigi svo að hann fjellí algerlega í ómeg-in, en við þetta kannast Þorsteinn eigi og Sigurður tjáist eigi muna það. — Þegar Þorsteinn hafði náð buddunni, ljetu ákærðu Bjarna liggja þar sem hann var kominn, fóru heim til Sigurðar og skiftu þar með sjer því, sem í buddunni var; ber þeim saman um, að í hvers hlut hafi komið 9—10 kr. Budduna, sem að sögn Þorsteins var fornfáleg og rifin, fór hann með inn á Klapparstíg sama kvöldið og fleygði henni þar á götuna.

Bjarni Sigurðsson bólgnaði mjög í andliti undan höggum ákærðu, og fjekk tvær smáskeinur á hægri kinn Þess meiðsl voru þó að mestu horfin, þegar Bjarni var yfirheyrdur; þó var hann blár kringum hægra auga og hafði smáskeynu á hægri kinn; er í rjettarprófunum talið, að hann sje búinn að ná sjer eftir meðferðina og muni eigi hafa varanlegt mein af henni.

Bjarni heldur því fram að hafa mist miklu meiri peninga en ákærðu kannast við að hafa tekið af honum; en framburður hans um þetta er á reyki og hann heflr eigi getað gert neina glögga grein fyrir því, hve mikla peninga hann hafði á sjer, þeg-

ar ákærðu rjeðust á hann. Gegn neitun þeirra er það því eigi sannað, að þeir hafi tekið meiri peninga af Bjarna en þeir hafa játað.

Bjarni hefir eigi krafist endurgjalds á peningum þeim, er ákærðu tóku frá honum, eða bóta fyrir meiðslin.

Hinir ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, og hafa þeir Magnús Jóhannesson og Þorsteinn S. H. Gottskálksson eigi sætt refsingu fyrir neitt afbrot, en Sigurður Sigurðsson hefir með aukarjettardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 6. des. 1915, verið dæmdur í 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð, samkvæmt 230. gr. og 253. gr. sbr. 259. gr. hinna almennu hegningarlaga, fyrir þjófnað og sviksamlegt athæfi og hefir afplánað þá refsingu.

Afbrot hinna ákærðu heyrir undir 245. gr, fyrri málsgr., sbr. 55. gr. hegningarlaganna, og er refsingin fyrir það hæfilega ákveðin af undirdómaranum betrunarhússvinna, til handa Sigurði Sigurðssyni í 15 mánuði og til handa Magnúsi Jóhannessyni og Þorsteini S. H. Gottskálkssyni 1 ár. Yfidómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði aukarjettardómsins, og ber þá að staðfesta hann í öllum greinum. Áfrýjunarkostnað málsins ber hinum ákærðu að greiða einum fyrir alla og öllum fyrir einn, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 20 kr. hvorum.

Rekstur málsins í hjeradi hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmeæt.

Þvi dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinir ákærðu, Sigurður Sigurðsson, Magnús Jóhannesson og Þorsteinn Stefán Helgi Gottskálksson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningsglaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar, 20 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúar 1919.

Nr. 73/1919:

Metúsalem Jóhannsson  
fyrir hönd h.f. »Gissur hvíti«  
gegn  
Ingimundi N. Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Ingimundur N. Jónsson sjómaður til heimilis á Lindargötu 23 hér í bænum fyrir sjórjetti Reykjavíkur gegn Metúsalem Jóhannssyni útgerðarstjóra hjer í bænum fyrir hönd hlutafjelagsins »Gissur hvíti«, og gerði hann fyrir sjórjettinum þær kröfur, að áfrýjandi yrði dæmdur til þess fyrir fjelagsins hönd að greiða sjer eftirstöðvar af kaupi og fæðispeningum sem vjelstjóra á mótorbátinum »Geir goða«, eign nefnds hlutafjelags, 164 kr. 50 a.